

Fréttabréf

ÚTGÁFA 5/2021

Vegvísir um nýstárlega aðferðafræði

Í þessari útgáfu:

- 1 Vegvísir um nýstárlega aðferðafræði HeiM, Leiðir að menningararfinum
- 2 Hugleiðingar leiðahönnuða um leiðirnar og verkefnið
- 3 Lokaorð
- 4 Samstarfsaðilar



Þetta verkefni er unnið með styrk frá Erasmus+, samstarfsáætlun ESB

Markmið HeiM verkefnisins er að efla og auka þekkingu fólks á staðbundinni evrópskri arfleifð og leggja þar með áherslu á þau gildi sem felast í menningararfinum, en hann er undirstaðan í þróun evrópsks samfélags.

Lokaafurð Erasmus+ verkefnisins „Heritage in Motion“ (HeiM) er rafrænn vegvísir um aðferðafræði sem þróuð var af samstarfsaðilum verkefnisins með það að markmiði að efla og auka þekkingu fólks á staðbundinni og evrópskri arfleifð og leggja þar með áherslu á þau gildi sem felast í menningararfinum, en hann er undirstaðan í þróun evrópsks samfélags.

Í verkefninu eru þróaðar og útfærðar nýstárlegar aðferðir í fullorðinsfræðslu, þar sem reynsla og færni eldra fólks er virt og beitt er aðferðafræði sem er í senn uppbyggjandi og eykur færni þátttakenda: aðstæðutengt nám, vandi-kennsla, verkefnatengt nám og notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni (ICT), þar sem við trúum því að í nútímapjóðfélagi gegni opin fræðsla og notkun upplýsingatækni og stafrænnar tækni lykilhlutverki

Með áherslunum sem skýrðar eru út í þessum vegvísi um aðferðafræði viljum við veita eldra fólki tækifæri til að læra meðan ævi og heilsa leyfir í nýskapandi umhverfi, sem gerir þeim kleift að taka virkan þátt í þjóðfélaginu í stað þess að einangrast og styrkir því samheldni þvert á kynslóðir.

Þessum rafræna vegvísi er ekki einungis beint til menntastofnana, heldur einnig til þeirra sem starfa við þjálfun og símenntun eldra fólks, sem hafa bæði hug á að stuðla að virkri öldrun þeirra sem komin eru á efri ár og að efla áhuga þeirra á menningararfi með því að beita nýstárlegri aðferðafræði og teymisvinnu við rannsóknir. Vegvísirinn getur einnig verið gott tæki til hagnýtingar og miðlunar fyrir aðila sem starfa við að kynna menningararfinn en tengjast ekki beint menntastofnunum, þ.m.t. sjálfbóða-samtök. Vegvísinum má hlaða niður af vefsíðu verkefnisins:

<https://www.heimheritage.eu/basic-page/project/results>



Mjög erfitt er að
lágmarka neikvæð áhrif
starfsloka og öldrunar án
undirbúnings sem gefur
kost á því að lifa virku
heilbrigðu lífi og taka
virkan þátt í
samfélaginu..

Í Vegvísinum má meðal annars finna eftirfarandi efni:

- Nýstárlegar aðferðir í fullorðinsfræðslu fyrir eldra fólk
- Gildi og mikilvægi evrópsks menningararfs fyrir eldra fólk
- Sameiginlega arfleifð, Eldra fólk sem túlkendur menningararfsins
- Leiðir að evrópskum menningararfi sem stuðla að virkni og heilsuefningu
- Lokaorð og tillögur

Innleiðing þeirrar starfsemi sem lýst er í vegvísinum mun ekki aðeins koma þátttakendum sem eru komnir á efri ár til góða, heldur nýtist hún einnig sem jafningjafræðsla þvert á kynslóðir, því að með henni gefst eldra fólki tækifæri til þess að deila sögu sinni, þekkingu og reynslu með öðrum í samfélaginu á áhrifaríkan hátt með hjálp virkra leiða að menningararfinum



Búist er við að virku
leiðimar sem voru
hannaðar stuðli að því að
hvetja eldri fullorðna til
hreyfingar, jafnframt því
að auka áhuga þeirra á
að heimsækja og kanna
menningararf Evrópu.

Hugleiðingar leiðahönnuða

HeiM verkefnið var mjög mikilvægt fyrir mig vegna þess að á þessum svo mjög svo undarlegu tímum gafst mér tækifæri til að hugsa um eitthvað annað en kórónu faraldurinn og jarðskjálfta. Ég myndi sitja á hjólinu mínu og hjóla í gegnum Zagreb og taka myndir af stöðum sem mótuðu mig sem barn og fullorðna manneskju. Seinna heima myndi ég kynna mér efni um staðina sem ég tók myndir af og skrifa sögur um þá. Þessu verkefni má líkja við lítinn glugga sem minnti mig á hamingjusamari tíma. (Višnja Vidmar, 73 ára, Zagreb, Króatíu)

Ég er mjög ánægð með að hafa tekið þátt í HeiM verkefninu ekki aðeins vegna þess að ég vann að því með mjög hæfileikaríku og skemmtilegu fólki heldur einnig að markmið HeiM verkefnisins stóðust er á reyndi. Við sem erum eldri en 50 ára getum lært og aðlagð okkur að nýrri snjalltækni og notað hana til að gera leiðir að menningararfi okkar og orðið hæfir túlkendur hans, fyrir okkur og aðra að njóta. Þetta getur leitt til þess að við getum kennt jafnöldrum okkar á þessa tækni og túlkun menningararfsins og að ef við getum þá geta þeir líka. (Ingibjörg Rannveig Guðlaugsdóttir, 81 árs, Reykjavík, Íslandi)

Einn hópanna í HeiM-verkefninu kaus að læra að beita Wikiloc með því að fylgja slóð sem farin er á sumarsólstöðum í Viðey. Það kom ekki að sök þótt hópurinn gengi þetta að vetrarlagi í góðu veðri. Leiðin var tæplega 5 kílómetrar. Öðru hverju var staldrað við og myndir teknar sem síðan voru vistaðar ásamt upplýsingum á réttum áfangastöðum við gönguleiðina á kortinu. Með góðri hjálp leiðbeinanda tókst þetta ágætlega og þátttakendur treysta sér til að kenna öðrum Wikiloc-listina. (Þór Jakobsson, 84 ára, Reykjavík, Íslandi)

Við vorum þrjár saman um að gera gönguleið með því að læra að nota Wikiloc. Ákveðið var að ganga á milli stytta í miðbæ Reykjavíkur, en þar er úr mörgu að velja. Niðurstaðan varð sú að tengja gönguleiðina sögu okkar frá upphafi byggðar við stytta Ingólfs Arnarsonar og enda hjá Reykjavíkurskáldinu Tómasi Guðmundssyni á Skáldabekknunum. Þetta voru 20 stytur sem við heimsóttum og unnum umsögn bæði um stytturnar og skapara þeirra. Leiðin er rúmir þrír km og auðveld yfirferðar á öllum árstímum. Við nutum dyggrar aðstoðar leiðbeinanda okkar við að leysa verkefnið þar sem þekking okkar var af skörum skammti í byrjun. Eftir þessa skemmtilegu og lærdómsríku reynslu erum við tilbúnar í næsta verkefni og treystum okkur að aðstoða aðra. (Birna Halldórsdóttir, 71 árs, Reykjavík, Íslandi)

Þökk sé þessu verkefni kynnist ég notkun tækja sem hjálpuðu mér að sýna staði sem eru mikilvægir fyrir mig og menningarlega sjálfsmynd mína og að bjarga þessu öllu frá gleysku. Þegar ég heimsæki ný lönd mun ég ganga eftir leiðum að menningararfinum sem félagar mínir hafa hannað. Ég mun heimsækja staði sem þeim þykir vænt um. (Małgorzata, 58 ára, Varsjá, Póllandi)

Þökk sé HeiM verkefninu höfum við bætt þekkinguna á arfleifð okkar og það fyllir mig gleði að deila henni með ykkur öllum. Njóttu þess með okkur !!!! (Rafael Arenillas, 68 ára, Alicante, Spáni)

Það var virkilega ánægjulegt að vinna með kollegum okkar frá Króatíu, Íslandi og Póllandi og starfa með þeim allan þennan tíma. Þvílíkt frábært lið!" (Isabel Capitán, 64 ára, Alicante, Spáni)

Fyrir okkur sem erum komin yfir fimmtugt var þetta yndislegt verkefni, ekki aðeins vegna þess að við höfum lært um önnur Evrópulönd heldur einnig vegna þess að við höfum miðlað þekkingu sem tengist okkar eigin landi. Stórkostleg upplifun. (Isabel Capitán, 64 ára, Alicante, Spáni)



Hönnun leiða

Hver samstarfsaðili hannaði og bjó til fimm leiðir nema Spánverjar sem bjuggu til sex. Leiðirnar voru valdar með hliðsjón af tillögum sérfræðingaráðs hvers samstarfsaðila sem og ábendingum og hagsmunum þeirra eldri sem tóku þátt í verkefninu.

Sumar leiðanna fela í sér tengsl náttúru og manns sem og að reyna að hlúa að mikilvægum þáttum menningararfsins fyrir evrópska gesti.



KRÓATÍA

- ✚ Leikhús, tónlist og byggingarlist
- ✚ Fetað í fótspor frægra Zagreb borgara
- ✚ Zagreb og módernisminn
- ✚ Gornji grad og Kaptol, saga og menning
- ✚ Náttúran í hjarta Zabreb



ÍSLAND

- ✚ Gönguleið í náttúrunni í Elliðaárdal
- ✚ Söguleg og menningarleg arfleifð í Laugarnesi og Kirkjusandi
- ✚ Sólstöðuganga
- ✚ Menningarlegur og listrænn arfur í kirkjugarðinum, Hólavallagarður
- ✚ Reykjavík. Sögulegar stytur



PÓLLAND

- ✚ Varsjá, borg Mariu Sklodowska-Curie
- ✚ Las Bielanski – Skógur í miðri borg
- ✚ Sæta Varsjá
- ✚ Varsjá, borg Fryderyk Chopins
- ✚ Swidermajers - Tréhúsin í Otwock



SPÁNN

- ✚ Innsýn í Alicante
- ✚ Alcoy, náttúra og iðnaður, gimsteinn Art Nouveau stílsins
- ✚ La Vila Joiosa, vettvangur samskipta
- ✚ Fontilles, einangrað samfélag sjúkra og byggingarlist í þágu heilbrigðis
- ✚ La Serra Gelada og rómverska villan í L'Albir
- ✚ Xàbia, tuff (móberg) og ólímd steinhleðsla



Allar leiðir má finna á:
[ROUTES | HeiM Heritage in Motion](#)

og íslensku leiðirnar á:
[LEIÐIR | HeiM Heritage in Motion](#)



Niðurstöður



Niðurstöður þriðja áfanga HeiM verkefnisins, Hönnun leiða, gáfu mjög dýrmæta reynslu af því hvernig hægt er að þjálfra og öðlast færni og þekkingu um nýtingu nútíma upplýsinga og samskiptatækni með sérstökum áherslum á þarfir, áhugamál og getu markhóps þessa verkefnis: fólks yfir 50 ára. Áhugi og velgengni teyma sem unnu á mismunandi leiðum var merkilegur á margvíslegan hátt, til dæmis fengu margir meðlimir teyma nægilegt sjálfstraust til að geta skilgreint leið sjálfir og kennt jafnöldrum sínum að gera slíkt hið sama. Liðin hrósuðu sérstaklega dýrmætri þjálfun og leiðsögn sem þau fengu í gegnum ferlið.

Vinnan sem unnin var ásamt niðurstöðum leiðarhönnunar og rannsókna hefur skýrt sýnt fram á að fólk á þriðja æviskeiðinu er réttir arfberar menningarsögunnar, arfleifð sem það getur deilt með jafnöldrum sínum og komandi kynslóðum. Fólk á þessu æviskeiði er góðir túlkendur menningararfsins sem er mikilvægur þáttur lífs og athafna hverrar manneskju og nauðsynlegur þáttur í lífsreynslu þeirra. Eldri fullorðnir geta því ekki aðeins gegnt hlutverki rannsækenda og könnuða heldur einnig borið vitni og skapað. Tilfinningar eru einnig mikilvægar í að örva virkni eldri fullorðinna þegar þeir sjá og bera vitni um menningararfleifð.

Að uppgötva menningararfleifð tákna, sérstaklega fyrir eldri fullorðna, tækifæri til að læra annars vegar og á hinn bóginn gera þeim kleift að nýta sér þekkingu sína og reynslu sem leið og þau rækta áhugamál sín og ástríðu. HeiM verkefnið hefur skýrt sýnt fram á gildi þess að sameina nýjar kennslu- og þjálfunaraðferðir sem miða að því að koma til móts við þarfir eldra fólks við að öðlast nýja þekkingu og færni sem getur gert þeim kleift að hanna eigin leiðir að menningararfleifðinni með notkun snjalltækni. Því er mjög mælt með aðferðafræðinni sem lýst er í niðurstöðum verkefnisins, bókinni *Vegvísir um aðferðafræði*.

Samstarfsaðilar

Permanent University of the University of Alicante Spain

Tengiliður: Marian Alesón Carbonell
upua.internacional@ua.es
web.ua.es/upua



U3A Reykjavík Iceland

Tengiliður: Ingibjörg R. Gudlaugsdóttir
ingibjorg.rannveig@gmail.com



Towarzystwo Demokratyczne Wschód Poland

Tengiliður: Aleksandra Kujawska
akujawska@tdw.org.pl
www.tdw.org.pl



Pucko otvoreno ucliste Zagreb Croatia

Tengiliður: Vedran Tomšić
vedran.tomsic@pou.hr
www.pou.hr

